

Dreifibréf til fyrirtækja í kvikmyndagerð, samtaka atvinnurekenda, stéttarfélaganna og annarra sem málið varðar.

Reykjavík, 16.9. 2014  
Tilvísun: 201409-0100/3.02.00

## Vinnuaðstæður í kvikmyndagerð

Í kjölfar umfjöllunar í fjölmiðlum um þátttöku barna við gerð kvikmynda og kvartana sem Vinnueftirlitinu hafa borist vegna vinnuaðstæðna starfsmanna í kvikmyndagerð, vill stofnunin áréttu skyldu atvinnurekenda að tryggja öruggar og heilsusamlegar vinnuaðstæður eigin starfsmanna og annarra sem kunna að starfa á þeirra vegum, sbr. 13. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og 22. gr. reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum.

Í lögnum merkir vinnustaður umhverfi innan húss eða utan, þar sem starfsmaður hefst við eða þarf að fara um vegna starfa sinna.

### Áhættumat og forvarnir á vinnustað

Vinnueftirlitið leggur sérstaka áherslu á eftirfarandi:

- Atvinnurekanda ber að gera skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað, sbr. 65.-66. gr. a laga nr. 46/1980. Það felur m.a. í sér ábyrgð á að gert sé áhættumat, þar sem meta skal áhættu í starfi með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna og áhættuþátta í vinnuumhverfi, sbr. sbr. VIII. kafla reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum. Í samræmi við niðurstöður áhættumatsins skal atvinnurekandi gera nauðsynlegar úrbætur til að tryggja öryggi og heilsu starfsmanna.
- Í áhættumatinu skal skoða allar vinnuaðstæður og meta þær áhættur sem kunna að vera til staðar. Í áhættumatinu skal m.a. greina og meta sérstaklega vinnutíma starfsmanna með hliðsjón af gildandi vinnutímaákvæðum, sbr. IX. kafla laga nr. 46/1980.
- Tryggja þarf að starfsmannaadstaða sé fullnægjandi og í samræmi við lög nr. 46/1980 og ákvæði reglna nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða, m.a. aðstaða til að matast, búningaástaða, salerni og viðeigandi aðstaða til þrifa.

Vinnueftirlitið hefur gert leiðbeiningar og þróað aðferðir til gera áhættumat fyrir fjölmargar starfsgreinar. Vinnueftirlitið býður jafnframt upp á námskeið um áhættumat. Fyrirtæki geta einnig leitað aðstoðar hjá viðurkenndum þjónustuaðilum um gerð áhættumats. Upplýsingar um þetta er að finna á heimasíðu stofnunarinnar.

### Vinna barna og unglunga

Unglinga (15-17 ára) er heimilt að ráða til vinnu með þeim takmörkunum sem greinir í X. kafla laga nr. 46/1980 og reglugerðar nr. 426/1999 um vinnu barna og unglunga.

**Börn má ekki ráða til vinnu nema í undantekningartilvikum**, þ.e. einstaklinga sem eru undir 15 ára aldri eða eru í skyldunámi, sbr. 60. gr. laga nr. 46/1980. Heimilt er að víkja frá þessu í eftirfarandi tilvikum:

- Heimilt að ráða börn til að taka þátt í menningar- eða listviðburðum og íþrótta- eða auglýsingastarfsemi. **Sá sem ræður börn sem ekki hafa náð 13 ára aldri skal afla leyfis frá Vinnueftirliti ríkisins áður en til ráðningar kemur.**
- Heimilt er að ráða börn 14 ára og eldri til vinnu sem er hluti af fræðilegu eða verklegu námsfyrirkomulagi.

- Heimilt er að ráða börn sem náð hafa 14 ára aldri til starfa af léttara tagi. Börn, sem náð hafa 13 ára aldri, má ráða til starfa af léttara tagi í takmarkaðan stundafjölda á viku, svo sem léttra garðyrkju- og þjónustustarfa og annarra hliðstæðra starfa.

Um ungmenni undir 18 ára aldri, sem eru að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði, gildir áðurnefnd *reglugerð nr. 426/1999*. Þar er m.a. fjallað ítarlega um vinnutíma og hvíldartíma þessa hóps og hvaða verk þau mega vinna og hvaða verk þau mega ekki vinna. Þar kemur fram að við öll störf ungmenna undir 18 ára aldri skuli við val og skipulagningu vinnu leggja áherslu á að öryggi og andlegu og líkamlegu heilbrigði ungmenna sé ekki hættu búin og að vinna hafi ekki truflandi áhrif á menntun þeirra eða þroska.

Því er atvinnurekanda skylt að gera sérstakt áhættumat með tilliti til starfa ungmenna yngri en 18 ára. Þetta mat skal fara fram áður en ungmenni hefja störf og í hvert sinn sem verulegar breytingar eru gerðar á starfsskilyrðum þeirra.


### Góðar vinnuaðstæður fyrir alla

Vinnueftirlitið hefur eftirlit með því að farið sé að lögum og reglugerðum á sviði vinnverndar. Stofnunin getur því komið í eftirlitsheimsóknir og kallað eftir upplýsingum, m.a. um aldur og vinnutíma starfsmanna, til að kanna hvort ákvæði laga og reglna séu haldin.


**Vinnueftirlitið hvetur fyrirtæki í kvikmyndagerð til að fara yfir vinnuaðstæður þeirra sem koma að gerð kvikmynda til að tryggja öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi og vinnuskipulag öllum til hagsbóta.**

Á heimasíðu Vinnueftirlitsins, [www.vinnueftirlit.is](http://www.vinnueftirlit.is), má nálgast lög og reglur er varða vinnuvernd ásamt leiðbeiningum og fræðsluefni. Stofnunin er jafnframt reiðubúin að veita nánari upplýsingar ef óskað er eftir því.

Virðingarfyllst  
f.h. Vinnueftirlitsins,



Þórunn Sveinsdóttir  
deildarstjóri

  
Björn Þ. Rögnvaldsson  
lögfræðingur

#### Afrit:

Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda  
Samtök iðnaðarins  
SA - Samtök atvinnulífsins  
Félag kvikmyndagerðarmanna  
Samband íslenskra leikara  
Kvikmyndamiðstöð Íslands  
Kvikmyndaskóli Íslands  
ASÍ – Alþýðusamband Íslands  
Efling  
Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið  
Mennta- og menningarmálaráðuneytið  
Velferðarráðuneytið  
RÚV, Stöð 2 og Skjárinn